



Umhverfisnefnd Alþingis
Nefndasvið / Selma Hafliðadóttir
150 Reykjavík

Reykjavík, 2. maí 2006

Efni: Frumvarp til laga um skráningu losunar gróðurhúsalofttegunda


Vísað er í bréf Alþingis dagsett 12. apríl 2006.

Framangreint frumvarp er lítið en nauðsynlegt skref í þá átt að ná betri tökum á losun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi. Stjórn Landverndar telur að frekari löggjöf um þessi mál sé nauðsynleg í ljósi þess hve viðfangsefnið er aðkallandi.

Viðmiðunarmörk fyrir upplýsingaskyldu fyrirtækja er skv. 6. gr. starfsleyfisskild fyrirtæki sem losa meira en sem nemur 30.000 tonn af ígildum koltvíoxíðs á ári. Þessi losun samsvar um 1% af almennri losunarheimild fyrir Ísland á tímabilinu 2008 til 2012 skv. Kyotobókuninni. Séu skráningarmörkin höfð jafn há og lagt er til í frumvarpinu getur losun tiltölulega fárra aðila haft umtalsverð áhrif á heildarlosun án þess að sú losun sé skráð. Til þess að markmiðum laganna verði náð þarf því að lækka skráningarmörk töluvert. Lagt er til að þau verði lækkuð niður í 10.000 tonn ígildum koltvíoxíðs.

Þá eru gróðurhúsalofttegundir skilgreindar þannig í 3. gr: “Koldíoxíð (CO_2), metan (CH_4), nituroxíð (N_2O), vetnisflúorkolefni (HFC), perflúorkolefni (PFC), brennisteinshexaflúoríð (SF_6).” Í þessari skilgreiningu eru fjölmargar gróðurhúsalofttegundir undanþegnar lögunum. Réttara væri að orða skilgreininguna með opnum hætti þannig að hún nái yfir allar lofttegundir sem valda gróðurhúsaáhrifum.

Virðingarfyllst,


Bergur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Landverndar